



Fundargerðir

Fundargerðir

[Til baka](#)

[Prenta](#)

Bæjarráð Hornafjarðar - 1110

Haldinn í ráðhúsi,
12.12.2023 og hófst hann kl. 10:00

Fundinn sátu: Eyrún Fríða Árnadóttir formaður,
Hjördís Edda Olgeirsdóttir varamaður,
Ásgerður Kristín Gylfadóttir aðalmaður,
Sigurjón Andrésson bæjarstjóri, Bryndís Bjarnarson .

Fundargerð ritaði: Bryndís Bjarnarson, stjórnsýslu- og upplýsingafulltrúi

Dagskrá:

Fundargerð

1. 2312003F - Umhverfis- og skipulagsnefnd - 69

Fundargerðin samþykkt.

Almenn mál

2. 202310160 - Sorpmál 2023

Tillögur að þrepaskiptri kostnaðarþátttöku íbúa og fyrirtækja í sorpmálum kynntar fyrir bæjarráði. Lagt er upp með að málaflokkurinn standi undir sér eins og lög gera ráð fyrir árið 2027.

Bæjarráð samþykkir breytingu á gjaldskrá vegna sorphirðu og sorpeyðingargjalda í samræmi við breytta löggjöf sem tók gildi síðustu áramót. Hækkunin nemur 1,04%-28,5% eða 15% að meðaltali á heimili. Hækkun á gjöldum er misjöfn eftir samsetningu sorpílata. Íbúar munu geta skráð sína samsetningu sorpílata í íbúagátt á hornafjordur.is/ibuagatt, á nýju ári. Vegna ákvæða laga um að greitt sé fyrir allan úrgang munu fyrirtæki taka þátt í rekstrarkostnaði urðunarstaðar og móttökustöðvar með föstu gjaldi á atvinnuhúsnæði. Upplýsingar varðandi breytingarnar verða kynntar nánar á vef sveitarfélagsins og í Eystrahorni. Vísað til vinnu fjárhagsáætlunar.

Gestir

Xiaoling Yu verkefnastjóri umhverfismála

3. 202110086 - Gjaldskrá byggingarmála

Bæjarráð samþykkir gjaldskrána og vísar henni til afgreiðslu bæjarstjórnar.

4. 202308073 - Fjárhagsáætlun 2024

Ásgerður gerir athugasemd við að öll gögn hafi ekki legið fyrir, fyrir fundinn. Bæjarráð samþykkir að vísa fjárhagsáætlun 2024 til síðari umræðu bæjarstjórnar.

Gestir

Anna Lilja Henrysdóttir fjármálastjóri

5. 202312045 - Fjárhagsáætlun 2025-2027

Bæjarráð vísar þriggja ára áætlun til afgreiðslu bæjarstjórnar.

6. 202312043 - Slökkvibíll

Slökkvibíll sem er á fjárhagsáætlun 2023 kemur ekki fyrr en á næsta ári.

Lagt fram til kynningar.

7. 202312015 - Úthlutun byggðarkvóta 2023/2024

Erindi frá matvælaráðuneytinu þar sem tilkynnt er um úthlutun byggðarkvóta fyrir fiskveiðiárið 2023/2024. Úthlutunin er sú sama og á síðasta fiskveiðiári.

Vinnu við umsókn um sérreglur vísað til atvinnu- og ferðamálafulltrúa.

[Leiðbeiningar um sérreglur byggðarkvóta 01122023.pdf](#)

[Sveitarfélagið Hornafjordur.pdf](#)

8. 202311082 - Grænbók í málefnum innflytjenda og flóttafólks birt í samráðsgátt stjórnvalda

Lagt fram til kynningar.

9. 202312005 - Til umsagnar 509.mál - húsnæðisstefna fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaráætlun fyrir árin 2024-2028

Lagt fram til kynningar.

10. 202312028 - Ósk um framlengingu á samningi

Erindi frá Sindra þar sem óskað er eftir framlengingu á samningi um aðstöðu fyrir móttöku gjaldskyldra umbúða.

Bæjarráð samþykkir að framlengja samninginn um eitt ár.

11. 202312039 - Umsókn um tækifærisleyfi til áfengisveitinga - Dansleikur Knattspyrnudeildar og Körfuknattleiksdeildar Sindra

Bæjarráð veitir jákvæða umsögn.

12. 202306028 - Ungmennaráð 2023-2024

Ungmennaráð óskar eftir fundi með bæjarráði 8. janúar 2024 kl. 16:00.

Bæjarráð þakkar fyrir boðið og samþykkir að mæta á fund ungmennaráðs 8. janúar nk.

13. 202303059 - Fundargerðir - Samband íslenskra sveitarfélaga

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

[stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga - 939.pdf](#)

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:20

[Til baka](#)

[Prenta](#)